

vélar eru aðeins geymdar, en engar viðgerðir fara fram og að jafnaði ekki heldur meðhöndlun eldfinna vökva.

b) Raforkuvirki skulu vera í samræmi við ákvæði § 337 um brunahættustaði og ennfremur hlíta ákvæðum um þurra, raka eða blauta staði, eftir því sem við á.

c) Vinnugryfjur.

Raflagnir og búnaður í kjöllum og vinnugryfjum séu samkvæmt ákvæðum um sprengihættustaði.

Sérstök ákvæði um sprengihættustaði hafa enn ekki verið sett í reglugerð en leita ber til RER um úrskurð, þar til reglur hafa verið gefnar út.

d) Sérákvæði um hlífðarmúslur íbúðarhúsa fyrir 1 til 2 bíla.

Að öðru leyti en segir í þessum lið gilda ákvæði staflíða a) til c).

Ekki eru gerðar frekari kröfur um vatnsvörn en fram kemur hér á eftir, nema sérstakar ástæður, svo sem óvenjuleg gerð eða notkun hlífðarmúslunnar, komi til.

1. Í huldri pípulögn í lofti og veggjum ofan 1.5 m hæðar má nota venjulegar dósir til tengingar lampabúnaðar. Í strenglögn skulu tengidósir vera a. m. k. dropavarðar, IPX1, einnig fyrir annað en lampabúnað.
2. Lampabúnaður á lofti og veggjum ofan 1.5 m hæðar má vera af venjulegri gerð.
3. Tenglar og rofar skulu vera a. m. k. í 1.0 m hæð og a. m. k. dropavarðir, IPX1.
4. Önnur neyslutæki, svo sem þilofnar og hreyflar, skulu vera a. m. k. dropavarin, IPX1.
5. Töfluskápar skulu vera lokaðir samkvæmt hlífðarflokki IP2X, enda sé hæð frá gólfi að neðri brún töflu ekki minni en 1.5 m.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um Rafmagnseftirlit ríkisins nr. 60 31. maí 1979, til að taka gildi nú þegar og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 1. nóvember 1979.

Bragi Sigurjónsson.

Páll Flygenring.

Nr. 463.

25. september 1979.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Peder Jakob Steffensen, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 25. september 1979.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Peder Jakob Steffensen.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Peder Jakob Steffensen.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Peder Jakob Steffensen, sem fæddur var í Naversborg, Ösnes, Noregi, 5. janúar 1884, dáinn 22. desember 1952.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins skulu verða allar eignir frá Sigríðar Guðfinnu Kristjönu Þórðardóttur Steffensen að henni látinni, samkvæmt erfðaskrá hennar dags. 1. febrúar 1977.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa Anna Steinunn Sigurðardóttir, Drápuhlíð 39, Reykjavík og Marteinn Skaftfells, Hamrahlíð 5, Reykjavík svo lengi sem þeirra nýtur við.

Eftir að þau hafa látið af stjórn skipar stjórn Dýraverndunarfélags Reykjavíkur tvo menn í stjórn sjóðsins.

5. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxtað á sem tryggastan hátt. Reikninga hans skal gera upp árlega og endurskoða af löggiltum endurskoðanda.

6. gr.

Tekjur sjóðsins eru auk árlegra vaxta, hvers konar gjafir, áheit svo og annað fé er stjórn sjóðsins kann að afla honum.

7. gr.

Tilgangur sjóðsins er sá að stuðla að dýravernd og dýraverndunarmálum hvers konar, þar á meðal með útbreiðslustarfsemi, einkum útgáfu blaðsins „Dagur dýranna“.

8. gr.

Í samræmi við ofangreindan tilgang má verja öllum vöxtum af eignum sjóðsins, en höfuðstól hans má ekki skerða.

9. gr.

Leitað skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og birta hana í B-deild Stjórnartíðinda.

AUGLÝSING**um nýtt fasteignamat.**

Samkvæmt ákvæðum 26. gr. 1. nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, hefur Yfirfasteignamatnefnd ákveðið framreikningsstuðla fyrir skráð matsverð fasteigna á öllu landinu með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma matsins fram til 1. nóvember s. l. Hefur nefndin ákveðið framreikning á matsverði fasteigna þannig:

- 1) Á höfuðborgarsvæðinu (Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði, Bessastaðahreppi, Seltjarnarneskaupstað og Mosfellshreppi) skal matsverð íbúðarhúsnæðis hækka um 60% og verður framreikningsstuðull að því leyti 1.60. Matsverð atvinnuhúsnæðis skal hækka um 55% og verður framreikningsstuðull þar 1.55. Matsverð lóða og landa skal hækka um 55% og verður framreikningsstuðull þar 1.55.
- 2) Utan höfuðborgarsvæðisins skal matsverð fasteigna hækka um 50% og ákveðst framreikningsstuðull að því leyti 1.50.
- 3) Við framreikning á ofangreindum grundvelli skal höfð hliðsjón af fyrningu samkvæmt reglum um einstakar tegundir fasteigna.